

Föstudaginn 5. desember 1958.

Nr. 105/1958. **Kristján Þorsteinsson** (Jóhann Steinason hdl.)

gegn

Þorsteini Jónssyni

(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

og gagnsök.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theódór
B. Lindal.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1958. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 22. september þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 163.120.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. október 1955 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Kristján Þorsteinsson, greiði gagnáfrýjanda, Þorsteini Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júní 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. f. m., hefur Þorsteinn Jónsson lögregluþjónn, Karlagötu 21, hér í bæ, höfðað á bæjar-

þinginu með stefnu, útgefinni 4. desember 1957, gegn Kristjáni Þorsteinssyni, Seljavegi 23, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 163.120.000, auk 6% ársvaxta frá 22. október 1955 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómarsins.

Stefndi hefur í greinargerð sinni krafizt sýknu og málskostnaðar að skaðlausu, en við munnlegan flutning málsins gerði hann þá varakröfu, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð.

Vátryggingarfélaginu h/f, hér í bæ, hefur verið stefnt til að gæta réttar síns í málinu, en bifreið stefnda, R 3866, er síðar verður frá greint, var í lögboðinni tryggingu hjá því vátryggingarfélagi. Á hendur réttargælustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Nokkru fyrir miðnætti föstudaginn 21. október 1955 var Kjartan Sveinsson byggingafræðingur, Blönduhlíð 28, hér í bæ, á ferð í bifreið sinni vestur Reykjanesbraut hér í bænum. Er hann átti skammt ófarið að Miklartorgi, sá hann til ferða jeppabifreiðarinnar R 3866, er ekið var vestur Miklubraut og inn á Miklartorg á mjög miklum hraða, að því er hann skýrir frá. Þegar bifreið þessi var komin inn á torgið og bifreiðarstjórinn hugðist sveigja henni til vinstri inn á Hringbraut, valt hún á vinstri hliðina og nam þannig staðar, eftir að hafa runnið nokkurn spöl. Bifreið þessari, sem er eign stefnda, eins og áður getur, ók sonur hans, Þorsteinn, þá 19 ára gamall. Var einn farþegi í bifreiðinni, Ragnar Þór Guðmundsson að nafni. Hvorugur þeirra félaga meiddist, er bifreiðin valt og komust þeir hjálparlaust út úr henni. Bar þarna brátt að tvo menn, er hjálpuðu til við að koma bifreiðinni á hjólin aftur. Að því búnu ók Þorsteinn Kristjánsson bifreiðinni niður að svonefndum Pólum, sem eru austast við Laufásveg skammt sunnan Miklartorgs, til þess að hyggja að skemmdum á henni eftir veltuna. Kjartani Sveinssyni virtist, að eigi væri allt með felldu um akstur bifreiðarinnar. Ók hann því á eftir henni og hugðist hafa tal af þeim, er í henni voru. Kveðst hann hafa ávarpað þann, er í hægra framsæti bifreiðarinnar sat og innt hann skýringar á gálauslegum akstri bifreiðarinnar. Maður þessi hafi svarað illu einu til. Kveðst Kjartan þá hafa vakið máls á því, að rétt væri að sækja lögregluna. Festi hann sér í minni skrásetningarnúmer jeppans og ók við svo búíð áleiðis niður í bæ. Á Sóleyjargötu ók hann fram á lögreglubifreið og gaf stjórnanda hennar merki um að nema staðar. Tilkynnti hann lögregluþjónum, sem í bifreiðinni voru, hvers hann hefði

orðið áskynja um ferðir R 3866 og lét þess jafnframt getið, að honum virtist akstur bifreiðarinnar benda til þess, að bifreiðarstjórninn væri drukkinn, þótt sjálfur hefði hann ekki orðið þess var. Er og ekkert komið fram í málinu um, að svo hafi verið. Er Kjartan hafði skýrt frá málavöxtum, var lögreglubifreiðinni þegar í stað snúið við og ekið áleiðis að Miklatorgi. Fylgdi Kjartan á eftir í bifreið sinni. Er komið var á Miklatorg, varð að ráði, að tveir af lögregluþjónunum fóru yfir í bifreið Kjartans. Var stefnandi annar þeirra. Settust þeir í aftursæti bifreiðarinnar, stefnandi vinstra megin. Var síðan ekið af stað aftur og haldið austur Reykjanesbraut. Ók Kjartan á undan, en lögreglubifreiðin var í humátt á eftir. Er ekið hafði verið skamman spöl, sást til ferða jeppa, sem sveigt var af Laufásvegi til vinstri inn á Reykjanesbraut. Þekkti Kjartan þegar, að þar fór bifreið stefnda og skýrði lögregluþjónunum frá því. Báðu þeir hann að sveigja bifreið sinni í veg fyrir R 3866, en hann kvað þess ekki kost, þar sem hann hafði orðið þess var, að stórri bifreið var ekið rétt á eftir hans bifreið. Aftur á móti stöðvaði Kjartan bifreið sína á vinstra jaðri götunnar. Jafnsnemma opnaði stefnandi vinstri afturhurð bifreiðarinnar og snaraðist út úr henni. Skundaði hann fram fyrir bifreiðina og gekk út á götuna. Skeði það þá um leið, að bifreið sú, er ekið hafði verið á eftir bifreið Kjartans og reyndist vera R 4705, stór áætlunarbifreið á leið í Kópavog, og jeppinn komu þarna aðvífandi. Komst stefnandi naumlega undan stóru bifreiðinni, sem þó var snögghemlað, en tókst eigi að forða sér undan bifreið stefnda. Varð hann fyrir hægra framhorni bifreiðarinnar. Við áreksturinn kastaðist stefnandi frá bifreiðinni og lá, að því er virðist, þvers um á götunni fyrir framan hana, er að var komið. Hlaut stefnandi opið brot á vinstra fæti af slysi þessu, auk annarra smærri meiðsla.

Slys þetta var rannsakað af rannsóknarlögreglunni í Reykjavík og einnig að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins í sakadómi Reykjavíkur. Verða nú raktir í megindráttum framburðir þeirra, er um slysið hafa borið.

Stefnandi skýrir svo frá, að er hann fór út á götuna, hafi hann haldið á vasaljóskeri í annarri hendi, en ætlun sín hafi verið að gefa jeppanum stöðvunarmerki með því. Er hann var kominn út á miðja götuna, hafi hann orðið áætlunarbifreiðarinnar var. Hafi hann þá hlaupið áfram og komizt undan henni í sama mund og hún var að stöðvast. Um leið hafi hann gefið jeppanum stöðvunarmerki, en þrátt fyrir það hafi hann ekið viðstöðulaust áfram. Er

hann sá, að hann myndi verða fyrir bifreiðinni, hafi hann stökkið upp og ætlað að koma fyrir sig höndum ofan á vélarhúsi hennar, en í sama andartaki hafi framvari hennar lent á fótum hans.

Ökumaður R 3866 kveðst hafa ekið hægt, er hann beygði af Laufásvegi inn á Reykjanesbraut. Og er hann var kominn inn á Reykjanesbraut, hafi hann ekið utarlega á syðra götuhelmingi. Hann hafi séð, að strætisvagni var ekið á móti honum, en eftir fleiri bifreiðum hafi hann ekki tekið. Er strætisvagninn og bifreið hans voru að mætast, hafi Ragnar Þór hrópað upp. Um leið hafi hann séð stefnanda skella framan á hægri framaurhlíf bifreiðarinnar. Hafi hann þá stöðvað bifreiðina „á punktinum“, eins og hann kemst að orði. Er hann kom út úr bifreiðinni, hafi stefnandi legið á hliðinni á götunni þvert framan við hana með fæturna í átt að strætisvagninum, en hann hafi numið staðar á móts við bifreið hans, þannig að um hálfur metri hafi verið á milli bifreiðanna.

Vitnið Kjartan Sveinsson skýrir svo frá, að R 4705 hafi verið ekið fram með bifreið þess samtímis því, að stefnandi hljóp út á götuna. Virtist vitninu bifreið þessi stöðvast á augabragði. Vitnið kveður bifreið stefnda hafi verið ekið mjög hægt, er hún var komin inn á Reykjanesbraut. Kveðst það hafa veitt því athygli, að einungis hafi verið ljós á vinstra framljóskeri bifreiðarinnar. Vitnið kveðst hafa látið bifreið sína renna lítið eitt áfram, eftir að stefnandi var kominn út úr henni. Hafi það því ekki séð til ferða hans yfir götuna. Eigi kveðst það heldur hafa séð, er slysið varð, en það hafi orðið með mjög skjótri svipan. Kveðst vitnið telja, að erfitt hafi verið fyrir stjórnanda R 3866 að varna slysinu sakir þess, hve snögglega stefnandi hljóp í veg fyrir bifreið hans.

Vitnið Ragnar Þór Guðmundsson skýrir svo frá, að bifreið stefnda hafi verið ekið mjög hægt og henni hafi aðeins verið ekið stuttan spöl eftir Reykjanesbraut, er það veitti R 4705 athygli. Þeirri bifreið hafi verið ekið að nokkru leyti yfir á götuhelmingi Þorsteins Kristjánssonar, sem af þeim sökum hafi orðið að sveigja bifreið sinni mjög út á vinstri götubrún. Vitnið kveður ökuljós strætisvagnsins hafa verið svo skær, að það telur sig hafa blindast af þeim. Það kveðst hafa beint athygli sinni að strætisvagninum og skyndilega hafi það séð stefnanda bregða fyrir í hægri ljósgeisla hans. Hafi svo verið að sjá, að hann kæmi hlaupandi fyrir framan vagninn. Kveðst vitnið hafa hrópað upp, er

það varð stefnanda vart, því að það hafi séð fram á, að hann myndi lenda á jeppanum. Hafi það og samtímis gerzt, að stefnandi hafi skollið á hægri framhlið bifreiðarinnar. Alveg í þessum svifum hafi Þorsteinn hemlað og hafi bifreiðin numið staðar þegar í stað. Vitnið kveðst ekki hafa orðið þess vart, að stefnandi gæfi stöðvunarmerki, enda hafi slysið borið mjög brátt að. Á hinn bóginn kveðst vitnið hafa orðið þess vart, að stefnandi var með vasaljósker í hendinni. Vitnið getur þess, að skyggni hafi verið slæmt í umrætt sinn.

Vitnið Kristján Jóhannsson ók áætlunarbifreiðinni R 4705. Kveðst það hafa numið staðar á Miklatorgi til þess að taka farþega. Skömmu eftir að það ók af stað aftur, hafi það séð lögreglubifreið og aðra bifreið framundan henni. Hafi báðar þessar bifreiðar staðið kyrrar. Er hér var komið, hafi hraði R 4705 verið um 20—25 km, miðað við klst. Vitnið kveðst nú hafa sveigt bifreið sinni út á götuna til þess að komast fram hjá fyrrgreindum bifreiðum. Er framendi bifreiðar þess var kominn alveg á móts við fremri bifreiðina, hafi það séð, hvar stefnandi kom hlaupandi út á götuna fyrir framan þá bifreið. Hafi hann hlaupið hiklaust í veg fyrir R 4705. Er þetta varð, hafi R 4705 verið komin að stefnanda. Vitnið kveðst hafa snögghemlað, þegar er það varð stefnanda vart. Hafi bifreiðin stöðvazt svo til strax. Telur vitnið, að hún hafi naumast runnið lengra en 30—40 cm, eftir að það hemlaði. Stefnandi hafi þá verið kominn á móts við hægra framhorn bifreiðarinnar, en þar hvarf hann sjónum vitnisins. Fullyrðir vitnið, að ekki komi til mála, að bifreið þess hafi snert stefnanda. Vitnið kveðst hafa séð til ferða R 3866. Hafi bifreiðinni verið ekið hiklaust áfram, en ekki hratt, að því er vitninu virtist. Eigi hafi það tekið eftir öðru en bæði framljósker bifreiðarinnar væru í lagi. Er bifreið þessi var komin á móts við R 4705, hafi það séð, að stefnandi lenti á hægra framhorni hennar. Hafi hann fyrst kastazt upp í loftið, en fallið svo á götuna. Kveðst vitnið hafa séð þetta mjög greinilega, en það hafi setið hægra megin í bifreiðinni við glugga, er að slysstaðnum vissi. Vitnið kveðst ekki hafa orðið þess vart, að stefnandi gæfi öllum R 3866 stöðvunarmerki, hvorki með ljóskeri eða á annan hátt. Jafnframt tekur vitnið þó fram, að um slíkt hafi getað verið að ræða, þótt það veitti því ekki athygli. Vitnið tekur fram, að lægri ökuljósinn á bifreið þess, er það hafi notað í umrætt sinn, séu mjög góð og þannig úr garði gerð, að þau geti ekki blindað stjórnendur farartækja, er á móti bifreiðinni aka.

Að lokum getur vitnið þess, að skyggni hafi verið slæmt í umrætt sinn og mjög erfitt að sjá vel umhverfið framundan sér.

Vitnið Árni Ingvar Vigfússon skýrir svo frá, að það hafi ekið á eftir R 4705 á um 15—20 km hraða, miðað við klukkustund. Ætlun þess hafi verið að aka fram úr bifreið þessari, en þá hafi það séð til ferða R 3866. Hafi sú bifreið aðeins verið með ljósi á vinstra framljóskeri. Skyndilega hafi strætisvagninn numið staðar og um leið hafi það stöðvað bifreið sína. Hafi það þá séð, hvar stefnandi var kominn á móts við hægra framhorn strætisvagnsins. Hafi hann verið með vasaljósker í uppréttri hendinni og verið að gefa ökumannj R 3866 stöðvunarmerki. Alveg í sömu andrá og stefnandi kom fyrir hornið á strætisvagninum hafi hann orðið fyrir bifreið stefnda, er eigi hafi stöðvazt, fyrr en slysið var orðið. Hafi stefnandi um leið tekið um höfuðið og kastazt út á götuna. Vitnið kveðst ekki geta sagt með vissu um hraða R 3866, en það haldi, að bifreiðin hafi verið á nokkurri ferð, sakir þess hve hvin-ið hafi í hemlum hennar. Vitnið telur, að alveg sé öruggt, að R 4705 hafi ekki komið við stefnanda. Vitnið hefur lýst þeirri skoðun sinni, að það hafi ekki verið á færi ökumanns R 3866 að varna slysinu við þær aðstæður, sem þarna hafi verið.

Vitnið Tómas Sigurpáll Jónsson lögregluþjónn sat við hlið stefnanda í bifreið Kjartans Sveinssonar. Kveðst vitni þetta hafa litið aftur með bifreiðinni, áður en það steig út úr henni á eftir stefnanda. Hafi það þá séð til ferða strætisvagnsins, er nálgast, og því hinkrað við. Vitnið kveðst í fyrstu ekkert hafa vitað um, hvað af stefnanda varð. Er það heyrði ískur í hemlum, hafi það stigið út úr bifreiðinni til þess að svipast um eftir stefnanda. Hafi það þá komið auga á húfu hans undir miðjum strætisvagninum. Er það gætti betur að, hafi það séð, hvar stefnandi lá þvers um á götunni fyrir framan R 3866. Vitnið kveður sér hafa virzt R 3866 ekið greitt. Ljós hafi ekki verið á hægra ljóskeri bifreiðarinnar.

Lögregluþjónn sá, er stýrði lögreglubifreiðinni, hefur borið vitnið í málinu, en hann varð ekki sjónarvottur að slysinu, og er ekkert það í framburði hans, sem hér virðist geta skipt máli.

Tómas Sigurpáll Jónsson, sem áður er nefndur, gerði uppdrátt af slysstaðnum. Sýnir uppdrátturinn, hvernig bifreiðarnar R 3866 og R 4705 stóðu eftir slysið, en hvorki er þar sýnd bifreið Kjartans Sveinssonar né lögreglubifreiðin. Samkvæmt uppdrættinum hefur bifreið stefnda numið staðar yzt á syðri jaðri götunnar. Hemlaför eftir þá bifreið eru mörkuð á uppdráttinn. Virðast þau

hafa verið stutt, en um nákvæma lengd þeirra verður ekkert sagt með vissu, þar sem mælikvarði er enginn tilgreindur á uppdrættinum. Af sömu ástæðu er ekki hægt að ráða með vissu af uppdrættinum, hver breidd akbrautarinnar er á þessum slóðum, en við lauslega mælingu dómars á vettvangi reyndist hún vera um 7 metrar. Er yfirborð akbrautarinnar malbikað, en meðfram henni sitthvoru megin eru malbornir stígar. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar hefur götulýsing verið slæm á þessum slóðum, er slysið varð.

Sérfróðir menn virðast ekki hafa verið fengnir til að skoða bifreið stefnda eftir slysið, en að tilhlutun rannsóknarlögreglunnar skoðuðu tveir lögregluþjónar bifreiðina næsta dag, þar sem hún var geymd í porti lögreglustöðvarinnar. Er skýrsla þeirra um skoðun þessa svohljóðandi:

„. . . Við athugun kom í ljós, að hægra ljós vantaði, en við ljósaskiptingu kom ljós á hægra ljóskerið, en sloknaði á því vinstra. Þá veittum við því einnig athygli, að á vélarhúsi hægra megin var 50 cm löng rák, ca. 2 cm breið, sem bifreiðarstjórinn kannaðist ekki við að hefði verið á bifreiðinni. Þá athugaði lögregluþjónn nr. 84 hemla bifreiðarinnar og virtust þeir í sæmilegu lagi (fóthemlar), en handhemill var óvirkur.“

Af hálfu ákærvaldsins mun ekki hafa verið fyrirskipuð opinber málshöfðun af tilefni slyss þessa.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að ljóst sé af atvikum að slysinu, að ökumaður R 3866 hafi einn átt sök á því. Beri því eigandi bifreiðarinnar, stefndi í málinu, óskipta fébótaábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlaut. Vekur stefnandi sérstaklega athygli á eftirfarandi atriðum í þessu sambandi: Í fyrsta lagi hafi ekki verið tendrað ljós á hægra framljóskeri bifreiðarinnar; í öðru lagi hafi fóthemlar verið í sæmilegu lagi, en handhemill óvirkur; í þriðja lagi hafi bifreiðarstjórinn viðurkennt, að hann hafi ekki veitt stefnanda athygli, fyrr en farþeginn við hlið hans rak upp óp, en um leið hafi slysið orðið; og í fjórða lagi sé það fram komið, að stefnandi hafi hvorki orðið var við bifreið Kjartans Sveinssonar né lögreglubifreiðina, sem þó hafi báðar verið skammt þarna undan. Bendi þetta síðasta atriði til þess, að athygli hans hafi verið mjög slæm. Atriði þau, sem nú hafa verið rakin, telur stefnandi, að gefi órækt til kynna, að bifreiðarstjórinn hefði getað komið í veg fyrir slysið, ef hann hefði sýnta fulla aðgæzlu og bifreiðin verið í fullkomnu lagi.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að ökumaður bifreiðar

hans hafi ekið í alla staði varlega og sé við stefnanda einan um slysið að sakast. Bendir hann einkum á eftirfarandi atriði þessu til sönnunar: Í fyrsta lagi sé leitt í ljós, að bifreið hans hafi verið ekið hægt; í annan stað sé það fram komið, að stefnandi hafi hlaupið þvert fyrir strætisvagninn og fyrir eða á bifreið hans, sem í þann mund hafi verið komin á móts við strætisvagninn; í þriðja lagi sé leitt í ljós, að ökumaður bifreiðar hans hafi stöðvað bifreiðina, þegar er hann sá stefnanda, en það hafi ekki getað orðið, fyrr en stefnandi birtist fyrir framan strætisvagninn. Við svo búið hafi bifreiðarstjórinn alls ekki haft ráðrúm til að varna slysinu. Við munnlegan flutning málsins var þeirri málsástæðu hreyft af hálfu stefnda, að sterkar líkur séu til þess, að strætisvagninn hafi rekizt á stefnanda. Var í því efni skírskotað til þess, að húfa stefnanda lá undir miðjum vagninum eftir slysið, eins og áður var frá greint. Þá var og um þetta atriði vitnað til framburðar lögregluþjóns þess, er ók lögreglu-bifreiðinni, en í framburði hans um þetta atriði er aðeins um tilgátu að ræða, enda var hann, svo sem þegar er tekið fram, ekki sjónarvottur að slysinu. Verður ekki séð, að þessi málsástæða stefnda hafi við nein haldbær rök að styðjast.

Hér að framan hefur ýtarlega verið lýst atvikum að slysi því, sem mál þetta fjallar um. Af því, sem þar kemur fram, virðist mega ráða með vissu, að á það hafi skort, að ökumaður R 3866 beitti nægri athygli við aksturinn, þar sem hann sá ekki stefnanda fyrr en raun varð. Þá þykir nægilega í ljós leitt, að hægra ökuljós bifreiðarinnar hafi ekki verið tendrað, en líkur eru til þess, að það hafi átt þátt í því, að bifreiðarstjórinn sá ekki stefnanda, fyrr en um seinan. Þykja sterk rök hníga að því, að hvort tveggja þetta hafi valdið nokkru um slysið. Að því athuguðu og með tilvísun til 1. mgr. 34. gr. sbr. 35. gr. laga nr. 23/1941 ber að leggja á stefnda að nokkru fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi telst hafa beðið af völdum slyssins.

Það er á hinn bóginn augljóst, að stefnandi hefur sjálfur átt meginsök á slysinu með því óhæfilega fljótræði sínu að skunda á þann hátt, sem að framan er lýst, út á fjölfarna akbraut, án þess að hyggja áður hið minnsta að umferð ökutækja um akbrautina. Verður hann af þessum sökum að bera tjón sitt af völdum slyssins að allverulegu leyti sjálfur.

Eins og atvikum var hér háttað, þykir rétt að líta svo á, að stefnandi hafi átt sök á slysinu að $\frac{2}{3}$ hlutum, en ökumaður R

3866 að $\frac{1}{3}$ hluta. Ber stefndi að því leyti fébótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína í málinu þannig:

| | |
|-----------------------------|----------------|
| 1. Örorkutjón | kr. 142.320.00 |
| 2. Þjáningar og lýti | — 20.000.00 |
| 3. Útlagður kostnaður | — 800.00 |

Alls kr. 163.120.00

Um 1.

Eftir slysið var stefnandi settur á sjúkrabörur, sem til taks voru í lögreglubifreiðinni, en að því búnu var hann fluttur á Landakotsspítala. Meðan stefnandi lá þar, mun hann hafa verið undir læknishendi dr. Bjarna Jónssonar. Liggur fyrir í málinu stutt vottorð læknisins, dagsett 16. maí 1956, en þar segir á þessa leið:

„. . . Sjúkl. lá í spítalanum til 23/11 1955, en fór þá heim í gipsumbúðum. Umbúðir hafa verið teknar nú, og gengur sjúkl. um með stuðningi.

Ekki verður sagt að svo stöddu, hvort sjúkl. verður jafngóður eða hvenær hann hefur fengið þann bata, sem hann fær.“

Hinn 8. nóvember 1956 var stefnandi skoðaður af Þórarni Sveinssyni lækni. Mat lækni-rinn þá jafnframt örorku stefnanda af völdum slyssins. Í örorkumatinu, sem dagsett er 12. október 1956, er meiðslum stefnanda lýst og sjúkrasaga hans rakin ýtarlega. Fer meginefni þess hér á eftir:

„. . . Í fyrsta lagi voru meiðslin fótleggjarbrot vinstra megin. Þar að auki mikið mar á baki og einnig segist hann muni hafa hlotið höfuðáverka, því að hann hlaut smásmár á hnakka. Var hann mjög slæmur í höfði fyrst á eftir og er enn með köflum. Ætlar oft að líða yfir hann, svo að hann verður að gæta sín. Ber einkum á þessu að morgninum.

Slasaði var lagður í gibsumbúðir í Landakotsspítala strax eftir slysið og dvaldi hann í sjúkrahúsinu fram til 23. nóvember 1955. Fékk hann þá að fara heim í gibsumbúðum. Beinefni myndaðist mjög seint á brotstaðnum. Samkvæmt röntgenmyndum, teknum 15. febrúar 1955 er fyrst talið, að beinsambreyskja sé greinanleg á brotstaðnum. Því miður er nokkur skekkja á brotendum, þar sem mjög erfiðlega gekk að koma brotendum í góða stillingu. Dr. med. Bjarna Jónssyni, sem hafði slasaða til meðferðar, þótti þó ekki ráðlegt að gera skurðaðgerð til að festa

beinendunum saman. Um miðjan maí voru umbúðir teknar af og gekk slasaði þá fyrst í stað um við staf og hækju, en í júlí-byrjun gat hann sleppt hækjunni og fór að ganga um við stafinn einan. Hann fór þó að dútla lítið eitt fyrr. Til að byrja með fór hann í júní að vinna lítið eitt við símastörf á lögreglustöðinni. Hefur hann gegnt því starfi síðan, en lítið sem ekkert staðið vakt, enda telur hann sig ekki fullfæran til þess starfa enn sem komið er.

Skoðun: Hár og grannur maður, vel vaxinn. Skýrir skipulega frá atburðum. Ekki er unnt að sjá merki um ör í hnakka nú, því að svo vel hefur sárið gróið. Sjón og heyrn eru eins og fyrir slysið, að því er slasaði telur. Við háls og brjóstakassa var ekkert athugavert. Blóðþrýstingurinn mældist 120/80. Hjartsláttur var reglulegur, en mjög hægur (brady cardia).

Vinstri ganglimur: Við mælingu reyndist fótleggurinn 1 cm styttri en hægra megin. Þegar slasaði gengur eða stendur beinn, sést, að um hnéliðinn er ganglimurinn örlítið sveigður inn á við (genu valgum). Hreyfing í hnéliðnum er aftur á móti góð. Við athugun á fótleggnum finnst greinilegur stallur á sköflungnum um miðjan fótlegginn. Skagar efri brotendinn inn fyrir þann neðri. Fótleggsvöðvarnir virðast þarna greinilega fastir við bein, þegar slasaði hreyfir fótinn, og myndast þá gúlpar á vöðvunum framan á leggnum. Slasaði segist líka þreytast fljótt við göngur. Samkvæmt röntgenmyndum má segja, að báðar leggþípurnar séu til háls í snertingu við brotflötinn, því að efri brotin hafa runnið til háls inn af neðri brotendunum. Eftir myndunum að dæma virðist beinfesta þó vera orðin alltraust. Hreyfingar í öklaliðnum eru eðlilegar. Reflexar eru normal. Neðan brotsins er mjóaleggurinn örlítið gildari en hægra megin. Slasaði segir, að stöðugt sígi á fótinn yfir daginn.

Ályktun: Um er að ræða fótleggjarbrot, sem gróið hefur mjög seint og með dálítilli skekkju á brotstaðnum og 1 cm. styttingu. Örorra vegna slyssins telst hæfilega metin:

| | | |
|---|------|--------|
| Fyrir 2 mán. fyrst eftir slysið | 100% | örorka |
| — 3 — þar á eftir | 80% | — |
| — 2 — — - — | 60% | — |
| — 2 — — - — | 40% | — |
| — 2 — — - — | 30% | — |

Úr því 25% örorka um 4 mánaða skeið og 18% varanleg örorka.“

Stefnandi er sagður fæddur 15. febrúar 1924. Hefur hann því

verið 31 árs gamall, er hann varð fyrir slysi þessu. Hann er kvæntur og mun hafa 3 börn á framfæri sínu. Er stefnandi slas- aðist, hafði hann um nokkurt árabíl verið lögregluþjónn hér í bænum, og gegnir því starfi áfram. Tekur hann hámarkslaun samkvæmt X. flokki launalaga og hefur haldið föstum tekjum sínum óskertum frá slysinu og allt til þessa. Við munnlegan flutning málsins kom það fram, að stefnandi hefur einungis gegnt starfi sínu í lögreglunni á daginn, eftir að hann kom til starfa eftir slysið. Hefur hann því ekki fengið greitt svonefnt næturálag, en það er kaupbót, sem greiðist aðeins fyrir nætur- vinnu og nemur 6% af þriðjungi hinna föstu launa.

Hinn 22. desember 1956 var verðmæti áætlaðs atvinnutjóns stefnanda, miðað við 18% varanlega örorku eingöngu, reiknað út af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi. Getur hann þess í for- sendum útreikningsins, að hann hafi undir höndum upplýsingar um næturálag á tekjur manns í sama launaflokki og stefnandi fyrir tímabilið 1. nóvember 1955 til 31. október 1956. Auk þess kveðst hann hafa gögn um greiðslu til fjögurra ríkislöreglu- manna fyrir aukavinnu við lögreglustjóraembættið fyrir tíma- bilið 1. október 1955 til 1. október 1956. Kveðst hann hafa reikn- að aukavinnutekjur sem meðaltal hjá þessum fjórum mönnum og umreiknað þær til tímabilsins 1. nóvember 1955 til 31. októ- ber 1956. Við umreikning til kauplags á þeim tíma, er útreikn- ingurinn er gerður, kveðst hann hafa gert ráð fyrir, að næturálag og aukavinnutekjur hækki í hlutfalli við föst laun. Reiknað á þennan hátt telst honum, að atvinnutekjur manns í stöðu stefn- anda séu sem hér segir:

| | 1. ár eftir slys | Eftirleiðis |
|-----------------|------------------|-------------|
| Föst laun | 52.927.00 | 55.002.00 |
| Næturálag | 6.816.00 | 7.083.00 |
| Aukavinna | 8.204.00 | 8.526.00 |
| | <hr/> | |
| Alls á ári | 67.947.00 | 70.611.00 |

Verðmæti atvinnutjóns stefnanda, miðað við slysdag og reikn- að með kauplagsbreytingum eftir það, nemur þá eftir útreikningi hins sérfróða manns fyrsta árið eftir slysið kr. 11.853.00, en eftir það kr. 164.912.00, eða alls kr. 176.765.00. Reiknað er með 6% ársvöxtum.

Stefnandi leggur fjárhæð þessa til grundvallar kröfu sinni sam- kvæmt þessum lið, en dregur frá henni örorkubætur, sem hann

hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins upp í tjón sitt. Eru það heildarbætur og nema kr. 34.445.00.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem of háum.

Þegar litið er til þess, hvernig högum stefnanda er háttað, að hann er fastur starfsmaður í ríkislögreglunni, mun að líkindum geta gegnt því starfi áfram og heldur eftir sem áður föstum tekjum sínum, þá þykir ekki unnt að leggja útreikning tryggingafræðingsins á atvinnutjóni hans til grundvallar. Verður þó höfð hliðsjón af honum. Að þessu athuguðu og með hliðsjón af bótunum frá Tryggingastofnun ríkisins og öðrum atriðum, sem hér þykja skipta máli, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 75.000.00.

Um 2.

Við munnlegan flutning málsins samþykkti lögmaður stefnda að stefnanda verði dæmdar bætur fyrir röskun á stöðu og högum undir þessum lið. Mótmælti hann jafnframt fjárhæð þeirri, sem hér er krafizt, sem of hárrí.

Varðandi bætur þær, sem hér er krafizt, tekur stefnandi fram, að hann hafi mjög góða menntun sem lögregluþjónn. Hafi hann starfað sem slíkur á vegum Sameinuðu þjóðanna um tæplega eins árs skeið fyrir nokkrum árum. Hafi hann talið sér mikla frama von í starfi sínu, en meiðsli þau, er hann hlaut við slysið, girði fyrir þann möguleika.

Með hliðsjón af meiðslum stefnanda og öðrum atriðum, sem hér þykja skipta máli, þykir kröfulið þessum stillt í hof. Verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Um 3.

Fjárhæð þessa kröfuliðs sætir ekki andmælum, og verður hann lagður til grundvallar óbreyttur.

Samkvæmt framanskráðu nemur sá hluti af kröfu stefnanda, sem hér verður talinn eiga rétt á sér, kr. 95.800.00 (75.000.00 + kr. 20.000.00 + kr. 800.00). Í samræmi við áðurgreinda skiptingu fébótaábyrgðar ber stefnda að bæta honum $\frac{1}{3}$ þeirrar fjárhæðar eða kr. 31.933.33. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda þessa fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Í samræmi við þessi úrslit málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem eftir atvikum ákveðst kr. 4.100.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Kristján Þorsteinsson, greiði stefnanda, Þorsteini Jónssyni, kr. 31.933.33 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. október 1955 til greiðsludags og kr. 4.100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudagurinn 10. desember 1958.

Nr. 183/1958. **Haukur Kristjánsson**

gegn

Valdstjórninni.

Dómendur:

hæstaréttardómaraþeir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur
Jóhannesson.

Um skyldu læknis til blóðtöku. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 26. nóvember 1958, sem Hæstarétti barst 28. s. m., hefur kærandi skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt 2. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og kærumálskostnaður dæmdur á hendur ríkissjóði.

Hvorki kröfur né greinargerð hafa borizt Hæstarétti frá fyrirsvári valdstjórnarinnar.

Tilfni var til að taka sökunaut þeim, sem í málinu greinir, blóð til ákvörðunar á áfengismagni í því. Var honum skylt að hlíta þeirri aðgerð, enda hefur eigi verið í ljós leidd nein ástæða til, að eigi hafi mátt slíka rannsókn á leggja, sbr. 7. mgr. 25. gr. laga nr. 26/1958. Samkvæmt 41. gr. laga nr. 27/1951 var kæranda skylt að framkvæma nefnda læknisrannsókn og blóðtöku. Ber því að staðfesta úrskurð sakadómara.

Kærumálskostnaður fellur niður.